



RAUÐAR HEIMSBÓKMENNTIR

Menningarpólitík þriðja alþjóðasambands kommúnista, eða Komintern (1919-1943), snerist að miklu leyti um tilraunir til að skapa nýtt hefðarveldi heimsbókmennta og -menningar. Hinu nýja hefðarveldi heimsbókmennta og -lista var stefnt gegn því hefðarveldi borgaralegra bókmennta og lista sem hverfðist um starfsemi í helstu menningarborgum Evrópu á þessum tíma. Verkefnið lifði af endalok þriðja alþjóðasambandsins og hafði mikil áhrif á menningarlandslag eftirstríðsáranna og allt fram að falli Sovétríkjanna 1991. Það menningarlega heimskerfi sem þarna hafði skapast teygði anga sína víða um heim og var sérstök áhersla lögð á að ná til Asíu og Afríku. Einnig horfðu margir rithöfundar og listamenn á jaðarsvæðum til Sovétríkjanna og sóttust eftir því að vera þátttakendur í sköpun alþjóðasinnaðra eða rauðra heimsbókmennta og -menningar. Ráðstefnan býður upp á vettvang til að beina sjónum að og takast á við nýlegar rannsóknir sem leitast hafa við að kortleggja menningarsvæði rauðra heimsbókmennta á 20. öld og leggja áherslu á að skoða þá bókmenntaheima (e. literary worlds) og þau tenglsanet sem mótuðust innan ákveðinna þjóðlanda eða á stærri menningar- og tungumálasvæðum. Sérstök áhersla er lögð á menningarhefðir sem þróuðust í fjarlægð frá miðju menningar- og bókmenntakerfis Sovétríkjanna eða á jöðrum kerfisins.

Ráðstefnukall

**Háskóli Íslands,
11.-12. maí, 2023**

Rauðar heimsbókmenntir

Háskóli Íslands, 11.-12. maí, 2023

Kallað er eftir framlögum sem takast á við eftirfarandi þemu:

Rauðar heimsbókmenntir og jaðarsvæði, til dæmis með áherslu á hvernig þessar bókmenntir þróuðust á ólíkan hátt á ólíkum stöðum og svæðum, með tilliti til staðbundinna bókmenntaheima og tengslaneta.

Rauðar heimsbókmenntir og sagan, til dæmis með áherslu á ákveðin tímabil 20. aldar og sögulega þróun hins alþjóðasinnaða bókmenntakerfis.

Rauðar heimsbókmenntir á tímum kalda stríðsins, til dæmis með áherslu á þýðinga- og viðtökusögu tiltekinna höfunda eða hópa á tímum kalda stríðsins, áhrif kalda stríðsins á staðbundar bókmenntir og menningu sem og áhrif kalda stríðsins á mótun hugtaka á borð við mórernisma og raunsæi.

Rauðar heimsbókmenntir og bókmennta- og menningarfræði, til dæmis með umfjöllun um nýlegar umræður um menningarsvæði Sovétríkjanna og annars heimsins á 20. öld og hvaða spurningar slíkar umræður hafa vakið fyrir bókmennta- og menningarfræði sem grundvallast á efnishyggju, þ.á m. með tilliti til heimskerfafræða (e. world systems theory).

Rauðar heimsbókmenntir og hefðarveldið, til dæmis með umfjöllun um dreifingarkerfi alþjóðasinnaðra heimsbókmennta með tilliti til útgáfu, ritraða, tímarita, þýðinga og annarra samstarfsverkefna og tengslaneta sem miðuðu að því að breiða út rauðar heimsbókmenntir.

Rauðar heimsbókmenntir og stjórnmálahreyingar, til dæmis með tilliti til tengsla alþjóðasinnaðra heimsbókmennta við pólitískar hreyfingar á borð við réttindabaráttu femínista, svartra, frumbyggja sem og frelsisbaráttu nýlenduríkja, þjóðernis- og þjóðfrelshreyfinga á 20. öld.

Kallað er eftir tillögum að erindum (20 mínútna framsögum) og að vinnustofum eða pallborðsumræðum um viðfangsefni sem tengjast ráðstefnunni. Doktorsnemar og nýdoktorar eru hvattir til að senda inn tillögur. Vinsamlegast sendið 250 orða ágríp af erindi ásamt stuttri úttekt á störfum og rannsóknum þess sem leggur erindið fram. Fyrir vinnustofur og pallborðsumræður, vinsamlegast sendið inn tillögur að hámarki 1,000 orð með yfirliti yfir áherslur málstofunnar og framlag hvers fyrirlesara. Tillögur skulu berast fyrir **föstudaginn 27. janúar, 2023** á **redworldlit@gmail.com**. Tungumál ráðstefnunnar eru enska og íslenska og tekið er við tillögum á báðum tungumálum.

Stutt af Bókmennta- og Listfræðastofnun og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.